

Aðgerðaáætlun

Um órofna starfsemi og þjónustu vegna COVID-19

1. útgáfa - 15. mars 2020

Inngangur

Almannavarnir hafa lýst yfir neyðarstigi vegna heimsfaraldurs COVID-19 veirunnar. Stjórnendur Sveitarfélagsins Voga fylgjast vel með þróun faraldursins, ásamt leiðbeiningum og fyrirmælum landlæknis, sóttvarnalæknis og almannavarna. Aðgerðir almannavarna miða fyrst og fremst við að hægja á útbreiðslu veirunnar og beita aðgerðum til að verja fólk sem er veikast fyrir, eldra fólk og fólk sem er með undirliggjandi sjúkdóma. Sveitarfélagsins Vogar vinna að sömu markmiðum, ásamt því að leitast við að tryggja sem best órofna starfsemi og þjónustu sveitarfélagsins. Þær aðgerðir snúa m.a. að starfsfólki sveitarfélagsins.

Aðgerðaáætlun þessi miðar að því að tryggja órofna starfsemi og þjónustu Sveitarfélagsins Voga og byggir á viðbragðsáætlun Sveitarfélagsins Voga við heimsfaraldri influensu COVID-19, 1. útgáfa dags. 16. mars 2020.

Aðgerðaáætlunin felur í sér fyrirmæli og er einnig til leiðbeiningar fyrir stjórnendur og starfsfólk Sveitarfélagsins Voga. Í henni eru skilgreindar ráðstafanir sem gerðar eru í stofnunum og starfsemi sveitarfélagsins til að (a) varna sem best útbreiðslu og draga úr áhrifum veirunnar og (b) undirbúa skerta starfsemi, en með sem minnstri röskun miðað við aðstæður. Aðgerðaáætlun þessi er í stöðugri endurskoðun og getur tekið breytingum eftir þróun mála.

Þær ráðstafanir sem snerta beint íbúa sveitarfélagsins og notendur þjónustunnar eru birtar opinberlega sem tilkynningar.

Starfsfólk getur átt von á að vera færð til milli starfa og starfsstöðva til að sinna verkefnum sem hafa forgang í heimsfaraldri.

Aðgerðaáætlun þessi tekur þegar gildi og getur tekið breytingum.

Vogum 15. mars 2020

Einar Kristjánsson
bæjarritari og staðgengill bæjarstjóra

Bæjarskrifstofur Sveitarfélagsins Voga á lðndal 2

- Bæjarskrifstofurnar verða lokaðar frá og með mánudeginum 16. mars 2020.
- Fólk hvatt til að senda okkur tölvupóst eða hringja til að komast í samband við okkur. Netfangalisti starfsfólks er að finna hér:
<https://www.vogar.is/is/stjornsysla/stjornsysla/starfsfolk>
- Með undantekningu verður hægt að fá leyfi til að hitta einstaka starfsmenn, en lyfi verður að fá með símtali eða tölvupósti.
- Einstakir starfsmenn geta fengið heimild til að vinna heima í fjarvinnu, eftir samráð við sviðsstjóra/yfirmann og með heimild hans. Til þess gæti komið m.a. vegna ráðstafana við að aðskilja starfsfólk og minnka samgang milli þess og/eða við viðskiptavini. Einnig ef starfsfólk þarf að vera heimavið m.a. vegna veikinda annarra, eða vegna þess að börn þurfa að vera heima vegna röskunar á skólalaldi. Ef starfsmaður þarf að vera heima í sóttkví skal hann starfa í fjarvinnu eins og kostur er, í samráði við yfirmann m.a. varðandi verkefni.
- Skipulags- og byggingarfulltrúi mun hafa viðveru á þriðjudögum og miðvikudögum frá kl. 13-16 og verður hann staðsettur í nýju þjónustumiðstöðinni, lðndal 4. Ekki verður hægt að hitta hann á föstudögum.
- Á kaffistofum skal starfsfólk hafa rúmt pláss milli sín í matar-og kaffitímum.
- Starfsfólki er bent á að koma með mat í lokuðum umbúðum á vinnustað.

Fundir:

- Ekki verði haldnir fundir nefnda og ráða nema nauðsyn krefur vegna mikilvægra mála. Í þeim tilvikum skal gæta ítrasta hreinlætis og fjarlægðar milli fundarmanna.
- Fundir með utanaðkomandi aðilum á bæjarstjórnarskrifstofunum eru ekki heimilir. Þó getur bæjarstjóri eða viðkomandi sviðsstjóri veitt undanþágu frá þessu, enda séu fyrir því mjög ríkar ástæður og ekki mögulegt að halda fundi sem fjarfundum. Skilyrði er að fundarmenn séu fjarri hver öðrum eins og mögulegt er og fundaraðstaða sérstaklega þrífni að fundi loknum.
- Leitast verði við að fundir verði haldnir með fjarfundabúnaði eða símafundi. (lagafrumvarp liggur fyrir Alþingi um sérstakar heimildir til fjarfunda bæjarstjórna o.fl.)
- Starfsfólk Sveitarfélagsins Voga skal halda fundum í lágmarki innanhúss og tekur ekki þátt í fundum utan bæjarskrifstofu, nema brýna nauðsyn beri til og með takmörkuðum fjölda fundarmanna, að hámarki sé miðað við 10 manns og þess gætt að bil milli fundarmanna sé nægilegt, 2.m.

Stofnanir almennt

Fjarvinna starfsfólks:

- Einstakir starfsmenn geta fengið heimild til að vinna heima í fjarvinnu, eftir samráði við sviðsstjóra/yfirmann og með heimild hans. Til þess gæti komið m.a. vegna ráðstafana við að aðskilja starfsfólk og minnka samgang milli þess og/eða við viðskiptavini. Einnig ef starfsfólk þarf að vera heimavið m.a. vegna veikinda annarra, eða vegna þess að börn þurfa að vera heima vegna röskunar á skólalaldi. Ef starfsmaður þarf að vera heima í sóttkví skal hann starfa í fjarvinnu eins og kostur er, í samráði við yfirmann m.a. varðandi verkefni.
- Starfsfólk sem er með undirliggjandi sjúkdóma eða á nána aðstandendur með undirliggjandi sjúkdóma, sem ekki verður komist hjá að eiga dagleg samskipti við, er hvatt til að vinna heima ef þess er kostur, ef útbreiðsla smits kemst á það stig að fólk sé veruleg hætta búin. Ákvörðun um slíkt er tekin í samráði starfsmanns og yfirmanns.

- Á kaffistofum skal starfsfólk hafa rúmt pláss milli sín í matar-og kaffitímum.
- Starfsfólki er bent á að koma með mat í lokuðum umbúðum á vinnustað.

Aðgengi að stofnunum

Takmarkanir eða bann við heimsóknum og aðgengi í stofnanir sem hér segir:

Lokað er fyrir heimsóknir og húsnæði stofnana nema fyrir þá sem þar eiga brýn erindi. Það er í höndum viðkomandi stjórnenda og forstöðumanna að sjá um framkvæmd þessa.

A. Algert bann :

- Eldhús leik-og grunnskóla,
 - Aðgengi annarra en starfsfólks, stjórnenda og umsjónarmanna fasteigna er bannað.
- Bókasafnið er lokað frá og með mánudeginum 16. mars.

B. Einungis aðgengi notenda þjónustu og viðskiptavina:

- Leikskóli, grunnskóli, frístund, íþróttamiðstöð og félagsmiðstöð.
 - Vísað er í sérstakar reglur og verklag hjá viðkomandi stofnunum, sem hafa stoð í auglýsingu um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar dags. 16. mars 2020.
 - Engar heimsóknir utanaðkomandi aðila heimilar í viðkomandi húsnæði.
 - Forráðamenn nemenda sem þurfa að fylgja ungum börnum til skóla sýni fyllstu aðgát.
- Þjónustumiðstöð Sveitarfélagsins Voga
 - Einungis aðgengi að áhaldahúsum fyrir viðskiptavini vegna brýnna erinda.